

Skóla-akur



Vefrit um skólamálf 5. tbl. 11. árg. 18. apríl 2017

Myndir augnabliksins eru frá árshátíð Giljaskóla.



Endurnýjun umsókna fyrir skólaárið 2017-2018.

Núverandi nemendur og nemendur á biðlista sem vilja stunda nám við Tónlistarskólann á Akureyri á næsta skólaári þurfa að endurnýja umsókn fyrir skólaárið 2017-2018 fyrir **1. maí 2017**.

2. maí verða teknir af skrá allir núverandi nemendur og nemendur á biðlista sem ekki hafa endurnýjað umsókn fyrir næsta skólaár.

Eingöngu verður tekið við rafrænum umsóknum á heimasíðu skólans, www.tonak.is ekki er tekið við innritun í síma. Aðgengi að tölvu stendur til boða á Amtsbókasafninu og í þjónustuanddyri Ráðhússins. Vegna samkomulags við ríkið um greiðslu á kennslukostnaði nemenda í mið- og framhaldsnámi í söng og í framhaldsnámi á hljóðfæri skal tekið fram að umsókn þessara nemenda er bindandi og óuppsęjanleg fyrir allt skólaárið 2017-2018, þ.e. ekki er hægt að hætta á miðjum vetri. Vegna biðlista við skólann og samdráttar í kennslu verður ekki leyfilegt að stunda nám á fleiri en eitt hljóðfæri nema í undantekningar-tilfellum. Nemendur í framhaldsnámi geta þó sótt um pianó sem aukahljóðfæri.

Við viljum sérstaklega benda á að það eru laus pláss á saxafón og málmblásturshljóðfæri. Þeir sem hafa verið á biðlista á önnur hljóðfæri og gætu hugsað sér að skipta, ættu þarna hugsanlega meiri möguleika á inngöngu.

Sjá nánar á: <http://www.tonak.is/is/skolinn/frettir/endurnyjun-umsokna-fyrir-skolaarid-2017-2018>

Símalausar frímínútur.

Í tæpar tvær vikur í febrúar voru símalausar frímínútur hjá 7. - 10. bekk í Síðuskóla. Þetta var hugmynd sem kom frá nemendum sjálfum og nemendaráð útfærði í samráði við Helgu Dögg kennara í vetur. Framkvæmdin var þannig að í 9:20-9:45 frímínúttum var áherslan á tækjalaus samskipti nemenda í gegnum leiki, skák, íþróttir, spjall, spil og fleira. Bekkirir tóku sjálfir ábyrgð á afþreyingunni á ákveðnum svæðum, 7. og 8. bekkur tók ábyrgð á íþróttasalnum, 9. bekkur sá um matsalinn og 10. bekkur um unglíngaganginn. Nemendur höfðu hitt íþróttakennara skólans sem hjálpuðu til við að skipuleggja dagskrá fyrir alla dagana, þ.e. hvað var í boði en það var breytilegt eftir dögum þannig að allir fyndu eitthvað við sitt hæfi. Í matsalnum var boðið upp á spil og spjall og var fjölbreytt úrval af spilum sem nemendur höfðu aðgang að. Á unglíngagangi var boðið upp á að lesa og lita og í einni stofunni var boðið upp á skák. Enginn var neyddur til að taka þátt og þeir sem kusu frekar að vera í sínum tækjum gátu gert það í einni stofu á unglíngagangi. Verkefnið heppnaðist vel, afþreyingunni var vel tekið og nýttu margir sér það að geta spjallað án truflunar snjalltækja í frímínútum. Ákveðið var að halda upp á vel heppnað verkefni og var 7. - 10. bekk boðið í kakó og skúffuköku sem nokkrar stúlkur úr 9. og 10. bekk bökuðu, í frímínútum, þar var m.a. rætt hvernig til tókst og hvort ekki sé ástæða sé til að endurtaka leikinn fljótlega.

Flott verkefni hjá nemendum Síðuskóla.



Ertu með sumarnámskeið fyrir börn og ungmenni.

Samfélagssvið Akureyrarbæjar hefur í hyggju að safna saman upplýsingum um sem flest námskeið sem börnum og ungmennum standa til boða næsta sumar og birta á einum stað á heimasíðu bæjarins.

Ef þú ætlar að standa fyrir námskeiði sem hentað gæti börnum og ungmennum þá er þér bent á að láta okkur vita með því að senda tölvupóst á samfelagssvid@akureyri.is.

Þar þarf að koma fram heiti á námskeiðinu, grunnupplýsingar um það sem til boða stendur og verður kennt, hvar námskeiðið fer fram og hvenær, hvað skráning kostar og loks nafn, netfang og símanúmer hjá ábyrgðaraðila.

Kynning á námsefni Menntamálastofnunar.

Ritstjórar hjá Menntamálastofnun bjóða kennurum og skólalastjórnum grunnskóla í heimsókn til að kynna fyrir þeim það nýjasta í útgáfu námsefnis og spjalla um efni sem hefur orð á sér fyrir að reynast vel í kennslu.

Sjá nánar á: https://mms.is/sites/mms.is/files/opid_hus_-_auglvsing.pdf

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-15.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.